

Alþingi

Reykjavík, miðvikudagur, 6. maí 2020
Tilvísun: 2020020053/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025, 643. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 22. apríl 2020, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa fagnar því að fram sé komin tillaga með áætlun um heildstæða stefnu um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins um að stjórnvöldum beri að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði félags- og menntunarmála, til að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi, þar á meðal kynferðislegri misnotkun. Barnaverndarstofa telur ennfremur til bóta að eftir að drög að tillögunni voru kynnt hafi verið gerð breyting á henni í samræmi við ábendingu stofunnar um mikilvægi þess að tvískipta netnámskeiði fyrir starfssfólk grunnskóla í ljósi þess að nemendur þess skólastigs eru á breiðu aldursbili. Stofan telur einnig mikilvægan lið í þessari að vinnu að tryggt hafi verið að stefnumótun þessi sé í takt við þingsályktun um framkvæmdaáætlun í barnavernd sem samþykkt var á Alþingi 2019 auk þess að vera í fullu samræmi við samstarfs félags- og barnamálaráðherra og annarra ráðherra í ríkissjórninni um breytingar í þágu barna.

Að mati Barnaverndarstofu er hér um mjög þarft og áhugavert verkefni að ræða sem mun vera til bóta fyrir samfélagið í heild. Barnaverndarstofu og þá sérstaklega starfssemi Barnahúss er ætlað veigamikil hlutverk í umræddu verkefni. Barnaverndarstofu, þ.e. Barnahúsi er lýst sem ábyrgðaraðila í lið A.4 sem fjallar um gerð netnámskeiðs fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum. Þar er tilgreind kostnaðaráætlun upp á 4 millj. kr. 2021 og 2022. Þá er Barnaverndarstofa og Barnahús einnig lýst sem ábyrgðaraðila á lið B.2. Þróun námskeiðs fyrir leikskóla, þar er tilgreind kostnaðaráætlun upp á 2 millj. kr. 2021 og 3 millj. kr. 2022. Barnaverndarstofa er einnig tilgreind sem samstarfsaðili í tíu öðrum liðum í áætluninni.

Barnaverndarstofa ítrekar hér áhuga sinn á umræddu verkefni og mikilvægi þess að það komist til framkvæmda. Stofan bendir á hinn bóginn á að sú vinna sem hér er fjallað um er umfangsmikil og myndi að lágmarki krefjast 100% stöðugildis sérfræðings hjá Barnahúsi, þ.e.a.s að sérfræðingar þar þyrftu aukið svigrúm til að sinna verkefninu og því þyrfti að ráða sérfræðing til að sinna meðferðarvinnu og þjónustu við börn á mótí. Af tillögunni er ekki unnt að greina hvaða forsendur lágu að baki kostnaðargreiningu tillögunnar. Stofan bendir á í þessu sambandi að eitt stöðugildi í Barnahúsi kostar um 14 millj. kr. á ári, þ.e. heildarkostnaður með launatengdum gjöldum. Einnig má gera ráð fyrir útgjöldum varðandi útgáfu, hönnun og annað sem tilfellur í vinnu sem þessari sem að mati stofunnar yrði umtalsverður. Að lokum bendir stofan á að vinna sem þessi mun að öllu líkindum einnig fjölga málum sem koma til meðferðar Barnahúss og því mikilvægt að gera stax ráð fyrir aukningu á sérfræðingum þar svo unnt sé að þjónusta þau börn um leið og mál þeirra berast.

Barnaverndarstofa veitir fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund verði þess óskað.

Virðingarfyllst f.h.

Barnaverndarstofu



Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur